

### **Ályktun um aukið samstarf í velferðarþjónustu**

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Patreksfirði 8.-10 september 2022 felur stjórn að skipa starfshóp um aukið samstarf í velferðarþjónustu á Vestfjörðum. Starfshópurinn skal skila niðurstöðum 1. desember 2022.

Greinargerð: Starfshópurinn skal hafa til hliðsjónar ályktun Ísafjarðarbæjar um aukið samstarfs í velferðarþjónustu og vinnu félagsmálastjóra sveitarfélaga á Vestfjörðum. Mikilvægt er að kallað verði til fagfólk til að starfa með starfshópnum.

Tillaga að ályktun frá Ísafjarðarbæ

### Barnaverndarþjónusta

Miklar breytingar eru framundan í velferðarþjónustu sveitarfélaga með gildistöku laga um farsæld barna, sem fela m.a. í sér að umdæmi barnaverndarþjónustu skuli vera að lágmarki 6000 manns. Sveitarfélög á Vestfjörðum þurfa endurskilgreina þjónustu og hvernig þau innleiða lögin í sína starfsemi og taka afstöðu til þess hvernig skuli haga samstarfi í þessum mikilvæga málaflokki.

### Samræmd móttaka flóttafólks

Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa verið að taka á móti flóttafólki. Sveitarfélög þjónusta flóttafólk á ýmsan máta við komu. Þessi þjónusta er margskonar og má þar nefna upplýsingagjöf, grunnfjárhagsaðstoð, aðstoð við húsnæðisleit, styrkir til íslenskunáms, ferðastyrkir vegna fjölskyldusameiningar og styrkir til sérfræðiaðstoðar svo eitthvað sé nefnt. Ísafjarðarbær vill kanna hug annarra sveitarfélaga um hvort vilji sé til að samræma móttöku flóttafólks.

### Málefni fatlaðs fólks

Rekstur málefna fatlaðs fólks á Vestfjörðum er í jánnum og ljóst er að sveitarfélög verða að bregðast við gríðarlegum hallarekstri sem fyrirséður er á árinu 2022. Sækja þarf á ríkið að fá aukið fjármagn í málaflokkinn til að standa undir þjónustunni, en sveitarfélögin þurfa líka að líta í eigin barm og fara yfir fyrirkomulag þjónustu og starfsemi.

Ísafjarðarbær leggur til við önnur sveitarfélög á Vestfjörðum að velferðarmálin verði skoðuð á breiðum grunni með aukið samstarf að leiðarljósi. Samræma þarf betur þjónustu við fólk og nýta betur þann mannauð sem við höfum yfir að ráða.

Ísafjarðarbæ hefur lýst yfir vilja sínum að vera leiðandi sveitarfélag í þessum málaflokki og er bærinn tilbúinn að vinna að útfærslum í samstarfi við önnur sveitarfélög sem hafa áhuga á auknu samstarfi á þessum nótum.

Flutningsmenn:

[Gylfi Ólafsson](#) [Nanný Arna Guðmundsdóttir](#)

[Magnús Einar Magnússon](#)

[Sigríður Júlía Brynleifsdóttir](#)

[Arna Lára Jónsdóttir](#)

[Kristján Þór Kristjánsson](#)

[Elísabet Samúelsdóttir](#)

[Jóhann Birkir Helgason](#)

[Steinunn Guðný Einarsdóttir](#)